## BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða tvær viðbyggingar við frístundahús seem stendur á lóð 69 í Hallkelshólum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Landeignanúmer L186617.
Staðgreinir: 8719-1-40000690.
Fasteignanúmer F2243196.
Matshluti 01 Byggingarár 1999
Stærð fyrir breytingu skv. Þjóðskrá 70.8 m²
Stærð eftir breytingu skv. skráningartöflu 154.6 m².
Stærð lóðar 7000 m²
Nýtingarhlutfall 0.02

Í gildi er deiliskipulag fyrir frístundabyggðina sem gert er 1990. Á deilisipulaginu má sjá uppdregin lóðamörk en ekki er að finna greinargerð né skilmála um byggingar. Aðkoma að svæðinu er af heimreið Hallkelshóla.

Annars vegar er um að ræða viðbyggingu við norðurhlið hússins sem rúmar eitt svefnherbergi. Hins vegar er um að ræða stóra geymslu við austurhlið sem ætluð er til geymslu tækja og annara lausamuna í eigu lóðarhafa - rýmisnúmer 0102.

Fyrir liggja upprunalegir uppdrættir hússins gerðir af arkitektunum Jon Nordsteien og Ólöfu Flygenring 21. september 1998, stimplaðir af þáverandi byggingarfultrúa.

**UNDIRSTÖÐUR OG GÓLFPLATA** í herbergi eru útfærð á svipaðan hátt og núverandi hús, súluundirstöður sem grafið er fyrir niður á traustan botn. Á súlurnar eru festir timburdregarar og gólfið byggt upp úr timburbitum C22 45/195. Undir geymslu, rými 0102 verða undirstöður og gólfplata úr járnbentri steinsteypu.

**YFIRBYGGING:** Útveggir herbergis og austurhlið rýmis 0102 eru úr timbri C18 45/145. Aðrir veggir geymslu eru niðurgrafnir að hluta og eru úr járnbentri steinsteypu. Þakvirki beggja rýma er úr styrkleikaflokkuðu timbri með ásetu á útveggjum.

**EINANGRUN:** Þak: 200 mm steinull á milli sperra. Timburveggir: 150 mm steinull í grind. Steyptir veggir: 100 mm steinull (veggull) utan á veggi. Undir steypta gólfplötu 100mm polystyren. Utan á sökklum 25 mm steinull (kuldabrú slitin). Timburgólf: 200 mm steinull á milli bita. U-gildi viðbygginga samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Kólnunartölur (W/m² K)

Herbergi Ti>18°C

| | Krafa | Reiknað |
|---|---|---|
| Gólf | < 0.20 | 0.19 |
| Þak | < 0.20 | 0.19 |
| Útveggir | < 0.30 | 0.21 |
| Vegið meðaltal útveggja | < 0.85 | 0.44 |

Geymsla 10°C<Ti>18°C

| | Krafa | Reiknað |
|---|---|---|
| Gólf | < 0.40 | 0.24 |
| Þak | < 0.30 | 0.19 |
| Útveggir | < 0.40 | 0.36 |

**LOFTRÆSTING KLÆÐNINGA OG ÞÉTTLEIKI:**
Útloftun þaks verður meiri en 1000 mm²/m² þaks, útfært með loftun úr þakkanti. Útveggjaklæðningar verða loftræstar með 20-35mm loftbili innan við ystu klæðningu. Þar sem jarðvegur kemur að veggjum verður settur takkadúkur utan á einangrun. Rakasperra komi innan við einangrun í þaki og í timburútveggjum. Þéttleiki rakasperru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar (13.5.1).

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR:** Veggir verða klæddir með viðarklæðningu í sama lit og sama stíl og núverandi hús. Þak verður klætt með bárujárni sem undirstutt er lektum ofan á ábrenndan asfaltdúk.

**GLUGGAR og ÚTIHURÐAR** verða úr timbri með tvöföldu einangrunargleri. Umferðarmál hurða koma fram á grunnmynd.

**INNANHÚS KLÆÐNINGAR:** Klæðningar í herbergi ekki lakari en í flokki 2. Í geymslu 0102 verða klæðningar ekki lakari en í flokki 1. Steyptir veggir verða sparslaðir og málaðir

**BRUNAVARNIR:** Úr frístundahúsinu eru þrjár hurðar út undir bert loft, þar af ein úr nýju herbergi. Björgunarop eru í gluggum herbergja í núverandi húsi. Úr geymslu eru tvær óháðar flóttaleiðir. Um gönguhurð út undir bert loft annars vegar og hins vegar upp stiga og út í gegn um anddyrishurð. Veggur sem aðskilur geymslu og frístundahús er uppsteyptur með brunamótstöðu hærri en REI60. Hurð á milli þessara rýma verður EI30CSm. Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd. Reykskynjarar alls hússins verða samtengdir.

**LOFTRÆSTING** er náttúruleg. Opnanleg fög eru í gluggum allra rýma nema anddyris þar sem komið verður fyrir lofttúðu.

**INNTÖK** fyrir neysluvatn og rafmagn verða endurnýjuð og komið fyrir við austurvegg geymslu.

**UPPHITUN** verður með ofnum og varmadælu, orkugjafi er rafmagn.

**NEYSLUVATN** frá nýju inntaki verður lagt í eða undir steypta plötu með PEX-lögnum í hlífðarkápu að núverandi inntaksgrind. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstaði verði lægri en 65 C°.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir, jarð- og þakvatnslagnir tengjast núverandi rotþró og siturbeði.

**RAFLAGNIR** eru huldar bak við klæðningu veggja og lofts þar sem því verður við komið. Lagt verður fyrir rofum og tenglum innan á steypta veggi.

**SORP** er flokkað skv. fyrirmælum sveitarfélagsins og afsett á gámasvæðum sveitarfélagsins.

**LÓÐ:** Bílastæði innan lóðamarka eru að minnsta kosti fjögur.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
01. des 2021
f.h. Byggingarfulltrúi




KORTMYND (map.is)
Ekki í kvarða




AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500

## SKRÁNINGARTAFLA:

| | Lóð m² | Botnplata: Botnplata m³ | Botnplata m² | Hjúpfletir: Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Matshluti | 7000 | 30.9 | 154.6 | 249.5 | 39.2 | 158.0 | 0.0 | 3.2 | 72.9 |

| Yfirlit | D5 Botnflötur m² | D5M millifötur m² | D7 op m² | D8 Brúttóflötur m² með V og F | D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F | D11 Brúttórúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 birt flatarmál m² |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 154.6 | | | 154.6 | | 566.7 | 135.7 | 154.6 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | | | | | | | | |
| C rými | 57.8 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | 30.9 | | |
| Samtals: | **212.4** | **0.0** | **0.0** | **154.6** | **0.0** | **597.6** | **135.7** | **154.6** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **154.6** | **7,000.0** | **0.02** |

**Skráningartafla:** Hallkelshólar 69 - Frístundahús
**Landeignanúmer:** L186617
**Matshlutanúmer:** 01
Prenta
Útgáfa: 5.00
**Skrásetjari:** Sigurður Unnar Sigurðssc
**Kennitala:** 290772-4279
**Dags.:** 1.12.2021

| Uppskipting og lýsing: D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | Stærðir: D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D13 Birt flatarmál m² | D14 Reiknitala skiptarúmmáls | D15 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 154.6 | 0.0 | 6.6 | 0.0 | 154.6 | 0.0 | | | 597.6 | 135.7 | 154.6 | | 496.573 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 30.9 | | | | |
| | 01 | **1. Hæð** | | | 154.6 | 0.0 | 6.6 | 0.0 | 154.6 | 0.0 | | | 566.7 | 135.7 | 154.6 | | |
| A | 0101 | **Frístundahús** | N | 0101 | 82.6 | | | | 82.6 | | 2.42 | 3.53 | 236.1 | 73.0 | 82.6 | 2.86 | 208.780 |
| A | 0102 | **Geymsla** | N | 0101 | 72.0 | | 6.6 | | 72.0 | | 3.96 | 5.23 | 330.7 | 62.7 | 72.0 | 4.59 | 287.793 |
| C | 0103 | **Verönd** | U | 0101 | 50.3 | | | | 50.3 | | | | | | | | |
| C | 0104 | **Tröppur** | U | 0101 | 7.5 | | | | 7.5 | | | | | | | | |

Skiptarúmmál

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Séreign m³ án sameignar | Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Frístundahús** | 154.6 | 496.573 | 496.573 |
| | **Alls** | **154.6** | 496.573 | **496.573** |

20220258

HÖNNUÐUR Sig U. Sig

HÖNNUNARSTJÓRI Sig U. Sig

HALLKELSHÓLAR LÓÐ 69
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI
VIÐBYGGING VIÐ FRÍSTUNDAHÚS

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR

AFSTÖÐUMYND, SKRÁNINGARTAFLA OG BYGGINGARLÝSING

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS DAGS: 20.11.21 Mkv: 1:500 á A1 TEIKN. NR: A02